

Þriðjudaginn 8. maí 1990.

Nr. 334/1989. **Ákærvaldið**

(Björn Helgason saksóknari)

gegn

Fríðu Ingibjörgu Magnúsdóttur

(Hilmar Ingimundarson hrl.).

Misneyting. Skilorð.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Benedikt Blöndal, Bjarni K. Bjarnason og Haraldur Henrysson og Gunnar M. Guðmundsson settur hæstaréttardómari.

Máli þessu var áfrýjað til Hæstaréttar með stefnu 21. ágúst 1989 að ósk ákærðu og einnig af ákærvaldsins hálfu til sakfellingar samkvæmt ákæru og þyngingar refsingu.

Samkvæmt fæðingarvottorði ákærðu, sem lagt hefur verið fyrir Hæstarétt, heitir hún fullu nafni Fríða Ingibjörg Magnúsdóttir og er fædd í Mýrasýslu.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms þykir mega staðfesta hann með þeirri breytingu, að refsing ákærðu ákveðst varðhald í fjóra mánuði. Fresta skal fullnustu refsingarinnar og hún falla niður að liðnum tveimur árum frá uppsögu dóms þessa, haldi ákærða almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Dæma ber ákærðu til greiðslu alls áfrýjunarkostnaðar sakarinnar, svo sem greinir í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Ákærða, Fríða Ingibjörg Magnúsdóttir, sæti varðhaldi fjóra mánuði. Fresta skal fullnustu refsingarinnar og hún falla niður að liðnum tveimur árum frá uppsögu dóms þessa, haldi ákærða almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað á að vera óraskað.

Ákærða greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 50.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, 50.000 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 2. ágúst 1989.

Ár 1989, miðvikudaginn 2. ágúst, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Helga I. Jónssyni sakadómar, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 352/1989: Ákærvaldið gegn Ingibjörgu Magnúsdóttur, sem tekið var til dóms 12. þ.m.

Málið er höfðað með ákæru ríkissaksóknara, dagsettri 28. júlí 1988, á hendur ákærðu, Ingibjörgu Magnúsdóttur, Krummahólum 6, Reykjavík, fæddri 1. júlí 1929 í Borgarfjarðarsýslu, „fyrir fjársvik og misneytingu gagnvart Ágústi Jónssyni, Dreka­vogi 18, Reykjavík, fæddum 27. júlí 1905, með því að hafa með sviksamlegum hætti notfært sér skert andlegt ástand Ágústs vegna heilabilunar hans til þess að hafa af honum fé og afla sér og öðrum hagsmuna þannig að bersýnilegur munur var á hagsmunum þessum og endurgjaldi því sem fyrir þá kom og einnig hagsmuna sem veittir voru án endurgjalds, svo sem hér greinir:

I.

1. Fengið Ágúst Jónsson til þess að selja sér íbúð í kjallara hússins nr. 18 við Dreka­vog í Reykjavík ásamt tilheyrandi lóðarréttindum með kaupsamningi 5. júní 1986 fyrir kr. 1.100.000 og greiðslukjörum, sem eru þannig, að eignin var seld á verði langt undir eðlilegu markaðsverði.

2. Með kaupsamningi sama dag fengið Ágúst til þess að selja barnabarni sínu, Ingibjörgu Ingimarsdóttur, Krummahólum 6, Reykjavík, íbúð á hæð sama húss auk bifreiðargeymslu og tilheyrandi lóðarréttinda fyrir kr. 1.900.000 og með greiðslukjörum sem eru þannig að eignin var seld á verði langt undir eðlilegu markaðsverði.

II.

1. Fengið Ágúst til þess að stofna kjörbók nr. 61933 við Landsbanka Íslands í nafni ákærðu hinn 26. maí 1986 og leggja inn á hana samdægurs kr. 394.104,62 sem var sú upphæð sem lá inni á kjörbók Ágústs nr. 60116 við sama banka.

2. Fengið Ágúst til þess að leggja hinn 30. maí 1986 inn á sömu kjörbók nr. 61933 kr. 489.719,42 sem var sú upphæð sem lá inni á kjörbók Viktoríu Guðmundsson, mágkonu Ágústs, sem búsett var í Bandaríkjunum, nr. 60115, við Landsbanka Íslands.

8. ágúst 1986 tók ákærða alla innstæðu út úr nefndri kjörbók nr. 61933 við Landsbanka Íslands, Langholtsútibú.

3. Þann 26. maí 1986 farið með Ágúst í Samvinnubankann, aðalbanka, þar sem Ágúst að undirlagi ákærðu millifærði kr. 36.973,89 úr reikningi sínum nr. 218514 inn á sparisjóðsbók ákærðu nr. 34948 við sama banka.

III.

Þann 2. júní 1986 farið með Ágúst á skrifstofu borgarfégetaembættisins, Skógarhlíð 6, Reykjavík, þar sem Ágúst að fyrirlagi ákærðu undirritaði nýja erfðaskrá, en samkvæmt henni skal ákærða taka í arf eftir Ágúst 1/3 allra eigna hans. Jafnframt voru erfðaskrár Ágúst, dags. 12. júlí 1960 og 9. júlí 1976, felldar úr gildi.

Háttsemi ákærðu telst varða við 248. og 253. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940“.

Málavextir.

Með bréfi, dagsettu 6. október 1986, kærði Vilhjálmur Þórhallsson hæstaréttarlögmaður ákærðu í máli þessu fyrir „meint misferli“ við „kaup á húseigninni Dreka­vogi 18, Reykjavík, af Ágústi Jónssyni...“ Jafnframt óskaði lögmaðurinn rannsóknar á úttektum af bankareikningi Ágúst um mánaðamót maí og júní 1986 og gerð erfðaskrár 2. júní sama ár. Kvað hann Ágúst hafa verið haldinn ellisjóleika, þegar umræddir gerningar áttu sér stað, og ákærða notfært sér það með saknæmum og ólög­mætum hætti með því að koma á tveimur kaupsamningum um efri og neðri hæð ofangreindrar húseignar, láta Ágúst gefa sér samtals 1.023.862 krónur af sparifé sínu og fá hann til að breyta erfðaskrá sinni og arfleiða ákærðu að 1/3 allra eigna sinna.

Lögmaðurinn höfðaði enn fremur mál fyrir bæjarþingi Reykjavíkur, annars vegar á hendur ákærðu í máli þessu og hins vegar dótturdóttur hennar, Ingibjörgu Ingimarsdóttur, til riftunar og ógildingar á ofangreindum löggerningum. Féllu dómur í málunum 11. nóvember 1988, og voru kaup­samningarnir og erfðaskráin ógilt og ákærða dæmd til að endurgreiða Ágústi Jónssyni 920.795,93 krónur ásamt vöxtum frá 9. október 1986 til greiðsludags.

Með úrskurði bæjarþings Reykjavíkur, uppkveðnum 20. maí 1987, var Ágúst sviptur fjárræði að eigin ósk.

Ofangreindur Ágúst Jónsson er samkvæmt gögnum málsins fæddur 27. júlí 1905. Hann eignaðist hinn 13. nóvember 1930 dóttur utan hjónabands, Önnu Dóru að nafni, en hún ólst upp hjá móður sinni. Hann kvæntist þann 16. maí 1933 Huldu Long Ingibergsdóttur, móður ákærðu í máli þessu, en þau skildu 5. desember 1947. Hinn 19. febrúar 1949

kvæntist Ágúst Svövu Halldóru Sigurðardóttur, sem lést þann 17. apríl 1976.

Vitnið Ágúst Jónsson gaf skýrslu hjá rannsóknarlögreglu ríkisins þann 25. nóvember 1986 og hér fyrir dómi 12. ágúst 1988, en við þá skýrslugjöf mundi hann lítið sem ekkert til málsatvika. Vitnið skýrði svo frá hjá rannsóknarlögreglunni, að eftir að þau Hulda Ingibergsdóttir hefðu skilið árið 1947, hefði dóttir hennar, ákærða í málinu, farið af heimilinu og allt samband milli vitnisins og ákærðu slitnað. Vitnið minnti, að það hefði hitt ákærðu árið 1986 af tilviljun, en ekki mundi vitnið, hvar það hefði verið. Þá hefði ákærða boðist til að „gera allt“ fyrir vitnið og gæta þess eins og barns. Efnidir á þessu hefðu engar orðið. Hefði hún, nokkru eftir að þau hefðu hist fyrst, farið að heimsækja vitnið annað slagið og látið vel að því og sagt, að vitnið hefði alið sig upp, og klappað því. Hefði ákærða tvívegis boðið vitninu heim til sín. Fannst vitninu, eftir á að sjá (sic), að ákærða hefði náð einhverju valdi yfir því og vitninu virst allt rétt, sem hún hefði sagt og gert. Hefði ákærða aldrei veitt vitninu neina þjónustu og það aldrei keypt neitt af henni.

Ákærða kveðst hafa komist í kynni við Ágúst, er hún hafi verið tveggja ára, en þá hafi móðir sín og Ágúst gifst. Kveðst ákærða hafa alist upp á heimili hans og móður sinnar til 18 ára aldurs, en þá hafi Ágúst og móðir sín skilið. Hafi Ágúst gifst einu eða tveimur árum eftir skilnaðinn og konan, sem hann hafi gifst, ekkert samband viljað hafa við ákærðu og móður hennar. Ákærða kveðst hafa flust til Grindavíkur árið 1949 og búið þar til ársins 1962. Hafi Ágúst komið að minnsta kosti þrisvar á heimili ákærðu þar, en hann hafi verið bilstjóri hjá Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins. Árið 1962 kveðst ákærða hafa flust í Kópavog og ekkert samband haft við Ágúst, en þau stöku snum hist á förnum vegi. Árið 1984 kveðst ákærða hafa hitt Ástu, systur Ágúst, og hún sagt, að hann væri mjög einmana, og hvatt ákærðu til að heimsækja hann. Kveðst ákærða hafa boðið Ágústi heim til sín á gamlaárskvöld árið 1984. Hann hafi ekki komið, en þakkað ákærðu mikið fyrir. Hafi ákærða þá sagt, að hún myndi líta til hans í kaffi, en það dregist og Ágúst þá hringt í ákærðu og „rukkað“ hana um heimsóknina. Eftir það kveður ákærða, að þau Ágúst hafi farið að hafa reglulega samband og hann orðið mjög ópolinmóður, ef hún kom ekki til hans á tveggja til þriggja daga fresti. Segir ákærða, að Ágúst hafi komið sér þannig fyrir sjónir, að hann hafi verið mjög glaður og hress í bragði, hlýr, opinn og gjafmildur. Hafi hann alltaf viljað vera að gefa ákærðu eitthvað, þegar hún kom í heimsókn. Ákærða kveður aldrei hafa staðið til, að Ágúst yrði á framfæri hennar, og engin verðmæti hafa gengið frá sér til hans. Þá kveðst ákærða aldrei hafa veitt Ágústi neina þjónustu.

Ákærða kveður Ágúst að sínu mati alls ekki hafa verið hruman eða

sljóan á þessum tíma eða síðar, heldur hafi hann þvert á móti verið ern og hress og haft mjög skýra hugsun og vitað nákvæmlega, hvað hann var að gera.

Verður nú vikið að einstökum þáttum ákærunnar.

I.

1. Með kaupsamningi, dagsettum 5. júní 1986, seldi Ágúst Jónsson ákærðu í máli þessu kjallaraíbúð ásamt tilheyrandi lóðarréttindum í húsinu nr. 18 við Dreka­vog hér í borg. Var kaupverðið ákveðið 1.100.000 krónur. Skyldi greiða 500.000 krónur við undirritun kaupsamnings og eftirstöðvarnar, 600.000 krónur, með útgáfu skuldabréfs 1. júlí 1986. Ekki er getið um, til hve langs tíma bréfið sé gefið út, en sagt, að greiða skuli fyrst af því 1. júlí 1987. Ástand eignarinnar er sagt lélegt og að það þurfi að skipta um þakklæðningu og járn og auk þess leki eignin. Í samningnum er og ákvæði um, að Ágúst skuli hafa afnot af hinni seldu eign svo lengi sem hann sjálfur kjósi. Samning þennan undirrituðu ákærða og Ágúst, og vottar á honum eru Ragnar Kristinsson, sonur ákærðu, og Ægir K. Bjarnason, kunningi Ragnars. Samningurinn var við undirskrift dagsettur 4. júní 1984 vegna mistaka.

2. Þá var sama dag og að framan greinir undirritaður kaupsamningur milli umrædds Ágústs og Ingibjargar Ingimarsdóttur, dótturdóttur ákærðu, sem þá var ófjárráða fyrir aldurs sakir, þar sem Ágúst selur Ingibjörgu íbúð á efri hæð sama húss auk bifreiðargeymslu og tilheyrandi lóðarréttinda fyrir 1.900.000 krónur. Skyldu 500.000 kr. greiðast við undirskrift samningsins, en eftirstöðvarnar, 1.400.000 krónur, með væntanlegu láni Hús­næðismálastofnunar ríkisins, sem kaupandi muni sækja um og seljandi skuldbindi sig til að biða eftir. Þá segir, að fái kaupandi ekki lánið eða lán að lægri fjárhæð, skuli hann gefa út skuldabréf, tryggt með veði í hinni seldu eign, fyrir mismuninum. Skuli skuldabréfið tryggt með lánskjaravísitölu og greiðast á 10 árum, vaxtalaust. Ástand eignarinnar er sagt lélegt, t.d. þurfi að skipta um þakklæðningu og járn á þaki, og eins leki eignin, og sé kaupanda þetta ljóst. Undir samning þennan rita Ágúst Jónsson sem seljandi og Ingibjörg Ingimarsdóttir sem kaupandi og enn fremur ákærða sem fjárhaldsmaður dótturdóttur sinnar. Vottar eru þeir sömu og á hinum samningnum.

Vitnið Ágúst Jónsson kannaðist við undirskrift sína á samningum þessum. Kveðst vitnið ekki hafa lesið samningana, og þá hafi þeir ekki verið lesnir fyrir sig og vitnið ekki áttað sig á, hvað það hafi verið að gera, fyrr en löngu síðar. Þá hafi vitnið ekki vitað, hver hafi annast um samningsgerðina. Kveðst vitnið hafa selt húseignina að undirlagi ákærðu. Hafi vitnið verið orðið einstæðingur. Bróðir þess, Eiríkur, hafi verið nýlátinn og vitnið

ekki haft til neins að leita varðandi ráðleggingu um söluna. Vitnið kveðst enga greiðslu hafa fengið í hendur vegna salna þessara.

Vitnið Sverrir Sædal Kristjánsson kveður ákærðu og Ágúst Jónsson hafa komið á fasteignasölu sína hér í borg og erindi ákærðu verið að fá aðstoð vitnisins til að gera samning um fasteign Ágústs, þar sem hann seldi dótturdóttur ákærðu hluta húss, er Ágúst átti. Kveðst vitnið hafa beðið ákærðu um þau gögn, er þyrfti: veðbókarvottorð, leyfi til setu í óskiptu búi og önnur drög að samningnum, og hafi ákærða haft allt frumkvæði í þessu. Eftir tvo daga hafi ákærða komið með gögnin og vitnið lagt málið fyrir Hafstein Baldvinsson hæstaréttarlögmann, sem hafi séð um alla samningagerð fyrir fasteignasölna. Hafi Hafsteinn boðað ákærðu og Ágúst til viðræðna um samningagerð, en svo mikið hafi legið á, að hann hafi vísað málinu frá sér vegna tímaskorts. Vitnið kveður Ágúst hafa verið mjög aðgerðalítinn í þessari umræðu. Hafi ákærða sagt, að Ágúst væri að gefa sér efri hæð hússins, og hafi vitnið litið svo á, að Ágúst ætlaði að selja dótturdóttur hennar hæðina og láta andvirðið ganga til ákærðu. Kveður vitnið Ágúst hafa komið sér fyrir sjónir sem þægilegur, eldri maður, og hafi vitninu vírst hann alveg vera með á nótnum, um hvað hafi verið að fjalla.

Í yfirheyrslu í bæjarþingi Reykjavíkur hinn 7. apríl 1988 kemur fram hjá Hafsteini Baldvinssyni hæstaréttarlögmanni, sem nú er látinn, að er hann hafi rætt við ákærðu og Ágúst á skrifstofu sinni og spurt um ástæður þess, að verið væri að afsala eigninni og hvort það væru ekki einhverjir aðrir aðilar eða erfingjar eftir Ágúst, sem kynnu að hafa af þessu hagsmuni, og viljað fá að ræða einslega við Ágúst, hafi ákærða alltaf orðið fyrri til að svara, þannig að hann hafi aldrei fengið nein svör frá Ágústi. Hafi hann þá beðið þau um að doka við og ætlað að hugsa sinn gang í málinu. Hann hafi beðið þau að ganga út fyrir og ákærða þá sagt, að þau myndu bara koma aftur. Kvaðst Hafsteinn ekki hafa viljað koma nærri málinu, þar sem hann hefði fengið lítil svör frá Ágústi, og afskiptum hans af málinu lokið við svo búíð.

Vitnið Kristján Stefánsson héraðsdómslögmaður kveður ákærðu hafa leitað til sín fyrri hluta júnímánaðar árið 1986 og beðið vitnið að útbúa tvo kaupsamninga um fasteignina að Dreka­vogi 18. Hafi kaupsamningar þessir verið innan fjölskyldu, þar sem „pabbi“ ákærðu hafi verið seljandinn að sögn hennar. Verð og greiðslufyrirkomulag hafi verið búíð að ákveða áður, enda hafi fasteignasali haft afskipti af málinu. Hafi þó nokkuð legið á að ganga frá samningunum, þar sem ákærða hafi verið á leið til Bandaríkjanna, og hafi hún nefnt, að „pabbi“ sinn legði mikla áherslu á að ganga frá þessum málum, áður en hún héldi þangað. Vitnið kveðst ekki hafa skoðað eignina og einungis aflað sér upplýsinga um

fasteigna- og brunabótamat hennar. Kveðst vitnið aldrei hafa hitt eða rætt við Ágúst. Hafi báðir samningarnir verið gerðir á skrifstofu vitnisins sama dag og sóttir síðar. Hafi ákærða ekki kynnt vitninu, að Ágúst væri að gefa húseignina.

Vitnið Ragnar Heiðar Kristinsson, sonur ákærðu, kveðst hafa kynnst Ágústi Jónssyni um jólin 1984, og hafi hann komið vitninu fyrir sjónir sem venjulegur eldri maður og verið andlega og líkamlega hress að mati vitnisins. Segir vitnið nokkrum sinnum hafa borist í tal, að Ágúst vildi gefa ákærðu kjallaraíbúðina að Dreka­vogi 18, en selja Ingibjörgu Ingimarsdóttur hæðina. Hafi hann um áramótin 1985-1986 rætt það í sinni viðurvist, að hann vildi, að móðir sín fengi nefnda húseign. Um miðjan maí árið 1986 hafi þetta síðan verið fastmælum bundið milli þeirra. Minnti vitnið, að það hefði fengið skilaboð frá ákærðu um að koma í Dreka­vog 18 til að líta á húsið og vitnið farið þangað ásamt Ægi K. Bjarnasyni. Þar kveðst vitnið fyrst hafa séð kaupsamningana tvo, sem vitnið og Ægir hafi verið beðnir um að votta. Kveðst vitnið hafa horft á Ágúst og ákærðu undirrita samningana, en áður hafi ákærða lesið þá upp í grófum dráttum. Vitnið kveðst ekki hafa getað merkt annað en Ágúst gerði sér fulla grein fyrir, hvað hann var að gera, er hann undirritaði samningana.

Vitnið Ægir Kári Bjarnason kveðst hafa verið í útréttingum með Ragnari Heiðari og þeir komið við í Dreka­vogi 18. Þar hafi þeir hitt fyrir ákærðu og fósturföður hennar, að því er vitnið taldi. Þarna hafi verið að ganga (sic) frá undirritun tveggja kaupsamninga. Hafi vitnið horft á ákærðu og Ágúst rita nöfn sín á samningana og vitnið ritað nafn sitt sem vottur á þá. Minnti vitnið, að ákærða hefði lesið samningana upphátt, áður en þeir voru undirritaðir. Vitnið kveðst aðeins hafa séð Ágúst í þetta eina skipti og ekki getað merkt annað en hann vissi fullkomlega, hvað hann væri að gera með undirritun samninganna.

Vitnið Ingibjörg Ingimarsdóttir, dótturdóttir ákærðu, kveðst fyrst hafa séð Ágúst Jónsson í apríl eða maí 1986, er vitnið hafi farið með ákærðu heim til hans. Hafi Ágúst komið sér fyrir sjónir sem venjulegur eldri maður. Það hafi svo verið í maí sama ár, að ákærða hafi sagt vitninu, að Ágúst vildi gefa sér kjallaraíbúðina að Dreka­vogi 18. Nokkru seinna hafi hún sagt, að Ágúst vildi selja hæðina í húsinu, og spurt vitnið, hvort það vildi kaupa, og vitnið svarað því játandi. Vitnið segir ákærðu hafa algerlega átt að sjá um greiðslur af íbúðinni og hún ætlað að fá lífeyrissjóðslán fyrir hönd vitnisins. Vitnið kveðst þó ekki hafa vitað, hvort það hafði áunnið sér einhver lífeyrissjóðsréttindi, en það hafi starfað sem afgreiðslumaður í bakaríi á þessum tíma. Kveðst vitnið hafa fengið einhvern arf eftir föður sinn, en ákærða hafi haft umráð yfir honum. Vitnið kveðst ekki hafa vitað annað en ákærða hafi átt að greiða Ágústi fyrir íbúðina og annað ekki

komið til tals þeirra á milli. Næst hafi það gerst, að vitnið og sambýlismaður þess hafi flust inn í íbúðina og Ágúst í kjallaraíbúðina. Nokkru eftir að vitnið og sambýlismaður þess hafi verið flutt þangað, hafi ákærða komið með kaupsamning, sem vitnið hafi lesið og skrifað síðan undir, en þá hafi enginn verið búinn að skrifa á samninginn. Vitnið kveðst ekki hafa vitað annað en það hefði átt að verða eigandi íbúðarinnar. Kveðst það hafa greitt 150.000 krónur í íbúðinni til ákærðu, og hafi hún átt að sjá um að koma greiðslunni til Ágústs.

Vitnið Þórólfur Halldórsson, lögfræðingur og fasteignasali, verðmat umrædda fasteign að beiðni Vilhjálms Þórhallssonar hrl., kæranda í máli þessu, í september árið 1986. Mat vitnið söluverð eignarinnar í einu lagi á 4.600.000 krónur, en ef hún yrði seld í tvennu lagi, mat vitnið kjallaraíbúðina á 1.600.000 krónur og hæðina og bílskúrinn á 2.900.000 krónur.

Vitnið kom hér fyrir dóminn út af matsgerð þessari. Varðandi kaupsamninginn um kjallaraíbúðina kvað vitnið verðið lágt miðað við mat vitnisins og þá einnig útborgun á árinu. Þá kvað vitnið mjög óalgengt, að eftirstöðvar kaupverðs væru á veðskuldabréfi til 10 ára. Vitnið kvað vanta inn í kaupsamninginn grunnvísitölu skuldabréfsins og það, hver hefði samið skjalið. Enn fremur vanti í samninginn ákvæði um útgáfu afsals, og hefði verið eðlilegt í þessu tilviki, að afsal og veðskuldabréf hefðu verið gefin út strax við kaupsamningsgerð. Vitnið kannaðist ekki við það, að slíkir málamyndakaupsamningar væru gerðir um fasteignir, ef gefa ætti þær. Kvað vitnið sérákvæðið á bakhlið samningsins um afnot seljanda af hinu selda mjög óvanalegt, en endurgjaldslaus afnot hefðu, almennt séð, áhrif á verð til lækkunar. Þá kvað vitnið, að þegar um sölu fasteigna milli skyldmenna væri að ræða, yrði að telja, að kaupverð væri stundum undir markaðsverði.

Varðandi kaupsamninginn um hæðina og bílskúrinn kvað vitnið söluverð þeirrar eignar einni milljón lægra en verðmat sitt. Þá væri útborgunarhlutfall mjög lágt. Samkvæmt kaupsamningnum væri ekki ljóst, hvort kaupandinn ætti lánsrétt hjá Húsnæðisstofnun, og ef svo hefði verið, væri ekki ljóst, fyrir hvaða tímamörk lánið ætti að afgreiðast. Varðandi hið valkvæða ákvæði um útgáfu veðskuldabréfs fyrir eftirstöðvum kaupverðs, ef lán fengist ekki hjá Húsnæðisstofnun, kvað vitnið, að alveg vantaði, hvenær slíkt bréf skyldi gefið út, gjalddagar væru ekki tilgreindir og heldur ekki grunnvísitala bréfsins. Þá væri mjög óvenjulegt, að skuldabréf bæri ekki vexti, og ekki kæmi fram í samningnum, hvenær afhending eignarinnar hefði farið fram. Að lokum komi ekki fram á samningnum, hver hefði samið hann.

Vitnið Atli Vagnsson, lögfræðingur og fasteignasali, framkvæmdi samskonar matsgerð og framangreint vitni í september 1986. Mat vitnið verð

allrar eignarinnar ca. 4.800.000 krónur, en ef hún yrði seld í tvennu lagi, mat vitnið verð kjallaraíbúðarinnar ca. 1.600.000 krónur og efri hæðarinnar og bílskúrsins ca. 2.800.000 krónur.

Fyrir dómi kvað vitnið greiðslufyrirkomulagið varðandi kjallaraíbúðina, þ.e. útborgunarhlutfall á eftirstöðvum kaupverðs, mjög óvenjulegt. Væri útborgunarhlutfallið lágt og mjög óvenjulegt, að eftirstöðvar kaupverðs væru lánaðar til svo langs tíma. Þá væri einnig óvenjulegt, að veðskulda-bréf bæru ekki vexti. Vitnið kvað ákvæðið um afnot seljanda af eigninni óvenjulegt, og væri t.d. ekki tekið fram, hvort þau væru endurgjaldslaus. Kvaðst vitnið skilja afnotaákvæðið þannig, að það væri til lækkunar á kaupverði. Þá kvað vitnið vanta í samninginn ákvæði um útgáfu afsals.

Vitnið kvað síðari greiðsluliðiðinn í kaupsamningnum um hæðina og bílskúrinn algerlega óljósan, þ.e. alls ekki væri ljóst, hvenær greiðsla þessi ætti að eiga sér stað. Þá vantaði í samninginn ákvæði um útgáfu afsals og vexti til þess tíma, að lán fengist. Varðandi kaupverðið vísaði vitnið til matsgerðar sinnar. Vitnið kvaðst stundum verða vart við það, þegar fasteignir ganga á milli skyldmenna, að kjör væru betri og verð verulega lægra en markaðsverð.

Ákærða kveðst hafa í mars eða apríl árið 1986 nefnt við Ágúst, að hann leigði sér kjallaraíbúðina að Dreka­vogi 18 fyrir saumastofu. Er ákærða hafi heimsótt Ágúst næst, hafi hann sagt henni, að Eiríkur, bróðir sinn, hefði ráðlagt sér að selja hæðina og flytja í kjallarann. Ákærða kveðst þá hafa boðist til að kaupa hæðina fyrir dótturdóttur sína, en hún hefði erft fé frá fósturföður sínum og ákærða fyrirhugað, að það gengi til kaupa á íbúðinni. Þá hafi Ágúst sagt: „Þú átt að eiga húsið og þú ræður því þá, góða mín.“ Í framhaldi af þessu hafi þau Ágúst farið til Sverris fasteignasala, þar sem þau hafi sagt alla söguna, þ.e., að Ágúst ætlaði að gefa ákærðu húsið. Ákærða kveðst hafa viljað, að þessi gjöf kæmi fram með þeim hætti, að Ágúst væri að selja dótturdóttur hennar hæðina og bílskúrinn við húsið, en í raun hafi ákærða átt að verða eigandi íbúðarinnar og umrædd dótturdóttir ákærðu að greiða ákærðu andvirði hennar. Kveðst ákærða ekki hafa haft efni á að taka við húsinu sem gjöf og því viljað hafa þetta form á. Hafi Sverrir gert uppkast að kaupsamningi og vísað þeim Ágústi til lögmanns síns, sem hafi haft svo mikið að gera, að hann hafi ekki getað sinnt samningsgerðinni á þeim tíma, sem ákærða þurfti, en hún hafi fyrirhugað að fara í ferð til Bandaríkjanna til vinkonu sinnar. Ákærða kveðst nú hafa snúið sér til Kristjáns Stefánssonar héraðsdóms­lögmanns og kynnt honum alla málavöxtu, þ.e., að Ágúst væri að gefa ákærðu húsið, og hvaða form ákærða vildi hafa á gjöfinni. Hafi Kristján útbúið kaupsamning, sem ákærða átti að sækja daginn eftir. Er ákærða hafi sagt Ágústi frá þessum samningi, hafi hann sagt: „Hvað þá um kjallar-

ann? Ég vil ganga frá kjallaranum líka.“ Hafi ákærða verið send af Ágústi aftur til Kristjáns og hann útbúið annan kaupsamning vegna sölu á kjallaranum. Ákærða kveðst hafa sótt kaupsamningana næsta dag og farið með þá til Ágústs. Þá hafi hist svo á, að sonur ákærðu, Ragnar, og Ægir, kunnungi Ragnars, hafi komið til að skoða sprungur í húsinu. Hafi Ágúst skrifað undir báða kaupsamningana og Ragnar og Ægir horft á það. Þá hafi ákærða einnig ritað nafn sitt undir þá, en dótturdóttir ákærðu um kvöldið, er hún hafi komið heim úr vinnunni. Hafi Ágúst verið ánægður með, að ákærða hafði sett í kaupsamninginn, að hann gæti búið í kjallaranum svo lengi sem hann lifði. Ákærða kvað umrædda dótturdóttur sína hafa greitt sér 500.000 krónur sem útborgun í íbúðarhæðinni, 150.000 krónur í reiðufé og 350.000 krónur, sem ákærða hafi fengið að láni í Iðnaðarbankanum í Breiðholti fyrir hennar hönd, en ákærða hafi í raun verið eigandi hússins, eftir að Ágúst hefði verið búinn að gefa sér það.

II.

1. Samkvæmt gögnum málsins stofnaði Ágúst Jónsson hinn 26. maí 1986 kjörbók nr. 61933 við Landsbanka Íslands í nafni ákærðu. Sama dag voru teknar 394.102,62 krónur út úr kjörbók hans nr. 60116 við sama banka og lagðar inn á ofangreinda bók ákærðu.

Vitnið Ágúst Jónsson kannaðist ekki við stofnun bókarinnar, en kvað undirskriftina með nafni sínu. Vitnið minntist þess að hafa farið með ákærðu í Langholtsútibú Landsbankans, en mundi ekki sérstaklega eftir ofangreindri úttekt. Sá vitnið enga ástæðu fyrir úttektinni og minntist þess ekki að hafa fengið peningana í sínar hendur.

Ákærða kveður Ágúst hafa um vorið 1986 togað sig inn í herbergi sitt og sagt: „Komdu, ég vil sýna þér efnahaginn minn.“ Kveðst ákærða hafa svarað: „Mér kemur hann ekkert við, pabbi minn,“ — og hann svarað: „Ég held nú það, því þú átt að fá þetta allt eftir mig.“ Kveður ákærða Ágúst hafa sýnt sér tvær bankabækur, en þar sem ákærða hafi verið gleraugnalaus, hafi hún ekki séð, hvað stóð í þeim. Nokkrum dögum seinna hafi Ágúst bedið um nafnnúmer ákærðu og ákærða spurt til hvers. Hafi Ágúst þá sagst vera búinn að fara út í banka og ætlað að flytja peninga yfir á bók til ákærðu, en sá flutningur strandað á því, að hann hafi ekki haft nafnnúmer hennar. Ágúst hafi fengið nafnnúmerið, stofnað bók á nafni ákærðu og lagt tæpar 400.000 krónur inn á bókina. Ákærða kveðst hafa notað hluta af fénu til að greiða ferð til Bandaríkjanna.

2. Hinn 30. maí 1986 voru teknar 489.719,42 krónur út úr kjörbók nr. 60115 við Landsbanka Íslands í eigu Viktoríu Guðmundsson, mágkonu Ágústs, sem búsett er í Bandaríkjunum, en í vörslu Ágústs Jónssonar. Var fjárhæðin lögð inn á nefnda kjörbók ákærðu, nr. 61933, við sama banka.

Hinn 8. ágúst sama ár tók ákærða alla innstæðuna, ásamt vöxtum, samtals 901.905,88 krónur út úr bókinni.

Vitnið Ágúst Jónsson mundi ekkert eftir úttekt þeirri, er að ofan greinir, og minntist þess ekki að hafa farið með Viktoríu í bankann eða að hafa sjálfur tekið við peningunum. Þá minntist vitnið þess ekki að hafa látið ákærðu hafa peningana.

Ákærða kveðst engin afskipti hafa haft af ofangreindri millifærslu, en kveður Ágúst hafa sagt sér, að hann hefði millifært fé inn á bók ákærðu.

3. Þann 26. maí 1986 voru millifærðar 36.973,89 krónur af reikningi Ágúst, nr. 218514 við Samvinnubankann, aðalbanka, hér í borg, inn á sparisjóðsbók ákærðu, nr. 34948, við sama banka.

Vitnið Ágúst Jónsson kveðst ekkert muna eftir þessari úttekt. Minntist það þess ekki að hafa tekið þessa peninga út sjálfur eða hafa ritað nafn sitt á úttektarseðilinn, en trúlega hafa ritað á seðilinn rithandarsýnishorn.

Ákærða kveðst muna að hafa farið með Ágústi í bankann, og hafi hann þá millifært þessa fjárhæð inn á bók ákærðu. Kveðst ákærða hafa staðið til hliðar og engin afskipti haft af þessu.

Ákærða kveður, að Ágúst hafi gert ofangreindar ráðstafanir án vitundar ákærðu. Hafi ákærðu ekki fundist neitt óeðlilegt við það, að hann gæfi ákærðu þessa peninga, og litið þannig á, að hún hefði „dottið í lukkupottinn“.

III.

Hinn 2. júní 1986 fóru Ágúst Jónsson og ákærða á skrifstofu borgarfógetaembættisins við Skógarhlíð 6 hér í borg. Undirritaði Ágúst þar nýja erfðaskrá, en samkvæmt henni skyldi ákærða taka í arf eftir hann 1/3 allra eigna hans. Jafnframt voru með erfðaskrá þessari felldar úr gildi erfðaskrár Ágúst, dagsettar 12. júlí 1960 og 9. júlí 1976.

Vitnið Ágúst Jónsson kveður ákærðu hafa drifið sig til borgarfógeta, og þar hafi vitnið skrifað undir án þess að hafa vitað, hvað það var að gera.

Ákærða kveður Ágúst hafa átt allt frumkvæði að þessum gerningi. Hafi Ágúst sýnt ákærðu tvær erfðaskrár. Hafi Ágúst viljað breyta þessum erfðaskrá og viljað, að dætur hans tækju arf eftir hann, og þá átt við ákærðu og dóttur sína. Til að uppfylla þessa ósk Ágúst kveðst ákærða hafa ekið honum til borgarfógeta og farið þar inn með honum. Þar hafi Ágúst talað sjálfur við borgarfógeta og ný erfðaskrá verið gerð og eldri erfðaskrárnar felldar úr gildi.

Með bréfi, dagsettu 9. desember 1986, fór kærandi máls þessa fram á það við Hannes Pétursson geðlækni, að hann rannsakaði hæfi Ágúst Jónssonar til þess að framkvæma og gera sér grein fyrir þeim fjármálagerningum, sem mál þetta fjallar um. Hófst rannsóknin 20. desember 1986, og er matsgerð læknisins dagsett 22. febrúar 1987.

Í matsgerðinni kemur fram, að Ágúst hafi átt í miklum erfiðleikum með nærminni, þ.e. að geta tileinkað sér nýjar upplýsingar, svo sem ef hann var beðinn að endurtaka nafn og heimilisfang eftir fimm mínútna hlé. Sömuleiðis hafi hann gefist fljótlega upp við einföld reikningsdæmi. Þá hafi hann verið mikið í gamla tímanum. Einnig kemur fram, að seinni eiginkona Ágústs, Svava Sigurðardóttir, sem hann kvæntist árið 1949, hafi stjórnað heimili þeirra og byggt það upp. Er hún hafi andast árið 1976, hafi Ágúst orðið algerlega hjálparlaus, þó að hann væri þá líkamlega hress. Enn fremur segir Ágúst frá því í matsgerð læknisins, að hann hafi fyrir tveimur árum fundið mikla breytingu á sér og allt „klikkað“ í höfðinu á sér, hugsunin hafi orðið hægari og minnið haldið áfram að versna.

Í ályktun læknisins segir, að rannsóknin hafi leitt í ljós greinilega skerðingu á andlegri starfsemi Ágústs vegna heilabilunar, sem að líkindum hafi átt sér nokkurra ára aðdraganda. Telur læknirinn Ágúst hafa verið með greinilega skerta andlega starfsemi vegna heilabilunar á þeim tíma, sem nefndir fjármálagerningar voru framkvæmdir. Hafi heilabilunin m.a. lýst sér í skerðingu á starfsemi minnis og skertri greind, þótt ekki verði fullyrt um, hver eðlislæg greind Ágústs hafi verið, áður en heilabilunin kom til. Líklegt verði að teljast, að þessar breytingar, samfara skerðingu á öðrum þáttum í andlegri starfsemi Ágústs, hafi leitt til skertrar dómgreindar. Í þessu sambandi væri einnig vert að hafa í huga félagslega einangrun hans samfara áhyggjum af líkamlegri heilsu sinni auk kviða og depurðar (sic). Að auki kunni skapgerð og persónuleiki Ágústs að hafa ráðið nokkru um það, hversu leiðitamar eða áhrifagjarn hann hafi verið á þessum tíma. Í ljósi þessa er það mat læknisins, að Ágúst hafi ekki verið fær um að gera sér nægilega ljósa þýðingu, efnisinnihald og afleiðingar umræddra fjármálagerninga.

Við meðferð málsins staðfesti læknirinn matsgerð sína. Kvað vitnið minnisskerðingu aldraðs manns með elliglöp geta verið orðna mun meiri en venjulegum manni væri ljóst. Taldi vitnið sjúkdómsbreytingu Ágústs hafa getað leynst hverjum venjulegum manni vorið 1986, en þó varla í endurteknum viðtölum.

Samfara rannsókn læknisins lagði Sigurgíslí Skúlason sálfræðingur nokkur sálfræðipróf fyrir Ágúst. Kveður sálfræðingurinn tiltölulega vel hafa gengið að ræða við Ágúst um löngu liðna atburði, en nokkrum erfiðleikum háð að ræða við hann um nýliðna atburði. Hafi honum gengið þolanlega að leysa verkefni, sem reyna aðallega á langtímaminni (t.d. almenna þekkingu og orðaforða), en hins vegar mjög erfiðlega að leysa verkefni, sem reyna á skammtímaminni. Þá hafi honum einnig gengið mjög illa að leysa verkefni, sem reyna aðallega á samhæfingu skynjunar og hreyfinga, og sömuleiðis þau, sem reyndu á hæfileikann til að læra nýja hluti.

Á greindarprófi Wechslers mældist greindarvísitala munnlega hlutans 83, sem bendir til þess, að Ágúst sé treggefinn eða tornæmur, en árangurinn á verklega prófinu var nálægt 0.

Árangur Raven-greindarprófs, sem er greindarpróf án orða og reynir aðallega á hæfileikann til að læra nýja hluti (námsgetu), varð 0, þ.e. Ágúst leysti ekkert verkefni rétt á prófinu. Bendir niðurstaða þess til organískrar (vefrænnar) skerðingar (dementia). Til hins sama benda niðurstöður úr svo nefndu Kendrick-prófi, sem reynir á minni, hæfileikann til að læra nýja hluti (námsgetu), einbeitingu, viðbragðshraða og samhæfingu hreyfinga og skynjunar.

Vitnið staðfesti þessa skýrslu hér fyrir dómi og kvaðst hafa gert hana í febrúar 1987. Kvað vitnið það mat sitt, að vitsmunaleg, andleg skerðing Ágústs hafi verið það mikil, er vitnið gerði sálfræðiprófin á honum, að hún hefði ekki átt að dyljast neinum venjulegum manni. Vitnið kvaðst ekki geta fullyrt um, í hvaða ástandi Ágúst var í janúar-júní 1986, en taldi ekki ólíklegt, að það hefði verið svipað og er vitnið hafði kynni af honum.

Í málinu liggur frammi vottorð Þorgeirs Gestssonar læknis, dagsett 10. október 1986. Segir m.a. í vottorðinu, að borið hafi á vaxandi gleymsku og depurð (sic) hjá Ágústi Jónssyni (dementia senilis), síðan hann missti konu sína í apríl 1976. Á síðastliðnu ári hafi mikið borið á kvíða og vanlíðan, enda hafi hann þá verið með líkamlegar kvartanir og sjúkdóms-einkenni, sem nú hafi verið ráðin bót á. Sé andleg líðan hans mun betri nú.

Við meðferð málsins kvaðst vitnið hafa orðið heimilislæknir Ágústs, líklega árið 1966, og verið það upp frá því. Minnti vitnið, að það hefði ritað ofangreint vottorð fyrir tilstilli einhverra ættingja eða venslamanna Ágústs. Kvað vitnið, að strax við lát eiginkonu Ágústs, en það hefði verið mjög sterk kona, hefði það merkt breytingu á honum í átt til ístöðuleysis, en hann hefði verið mjög háður konu sinni. Kvaðst vitnið hafa merkt það á honum, að hann sljóngaðist enn meir, eftir því sem lengra leið frá láti hennar, og hefði hann orðið sífellt kvíðnari og virst eiga æ erfiðara með að takast á við vandamál daglegs lífs. Kvað vitnið Ágúst ekkert hafa rætt við sig um þá gerninga, sem um ræðir í máli þessu, áður en þeir áttu sér stað. Hefði hann komið til vitnisins einhvern tíma eftir umrædda gerninga, áður en vitnið ritaði framanskráð vottorð, og sagt sér, að hann hefði í einfeldni sinni talið, að hann hefði verið búinn að leysa öll sin vandamál með þeim.

Undir rekstri framangreindra bæjarþingsmála varð að samkomulagi með aðilum að leita álits enn eins sérfræðings um gerhæfi Ágústs í maí-júní 1986, og var Högni Óskarsson geðlæknir fenginn til verksins. Í niðurstöðu álitsgerðar hans, dagsettrar 12. júní 1988, sem liggur frammi í málinu og hann hefur staðfest við meðferð málsins, segir svo:

„Ágúst er haldinn elliglöpum á háu stigi vegna heilarýrnunar (dementia senilis vegna athrophia cerebri). Niðurstöður tölvusneiðmyndar benda til að heilarýrnun sé af þeirri gerð sem vex hægfara á mörgum árum og sem veldur truflunum á vitsmunalegri getu og tilfinningalífi viðkomandi.

Samkvæmt upplýsingum heimilislæknis virðist hér um að ræða a.m.k. allmargra ára aðdraganda. Ættingjar Ágústs telja sig hafa séð merki um elliglöp strax árið 1977. Hnignandi félagsleg geta Ágústs í allmörg ár bendir til hins sama. Afleiðingar þess hafa verið vaxandi minnisleysi, sérstaklega á nýliðna atburði, minnkandi áttun (sic) í daglegu lífi, vaxandi félagslegt ósjálfstæði ásamt truflunum á dómgreind og stundum á tilfinningum.

Ágúst virðist hafa verið með þunglýndiseinkenni og kvíðaeinkenni árið 1985.

Persónuleiki Ágústs er þannig að hann hefur mikið reitt sig á aðra vegna ósjálfstæðis við ákvarðanatöku (sic), og má búast við að þannig (sic) persónuleikaeinkenni vaxi samfara vaxandi elliglöpum. Margt í framburði vitna bendir einmitt til þess.

Það er mat undirritaðs að vandlega athuguðu máli að það séu yfirgnæfandi líkur á því að Ágúst hafi verið ófær um að ráðstafa eignum sínum í maí og júní 1986, eins og lýst er í dómskjölunum, þannig að skynsamlegt mætti telja.“

Fyrir dóminum kvað vitnið það álit sitt, að flestum þeim, sem hefðu umgengist Ágúst að einhverju marki í maí-júní 1986, hefði ekki getað dulist, að hann væri haldinn elliglöpum á háu stigi. Vitnið tók þó fram, að það hefði ekki séð Ágúst á þessu tímabili og gæti því ekki beinlínis fullyrt um þetta atriði, en taldi yfirgnæfandi líkur á þessu.

Vitnið Kristján Jónsson, bróðir Ágústs, kveður Ágústi hafa farið að hraka mjög eftir lát Svövu, eiginkonu sinnar, og hafi það komið fram í sljóleika og minnisleysi. Kveður vitnið Eirík, bróður sinn, hafa sagt vitninu skömmu eftir áramótin 1985-1986, að ákærða væri farin að venja komur sínar á heimili Ágústs og hún jafnframt farin að sinna ýmsum störfum fyrir hann, svo sem að baka. Hafi Eiríkur látist 4. maí árið 1986 og vitnið séð ákærðu við jarðarför hans í fyrsta og eina skiptið. Vitnið fullyrti, að ekkert samband hefði verið milli Ágústs og ákærðu, er Ágúst hélt upp á 80 ára afmæli sitt 27. júlí 1985, en þá hefði hann boðið nokkrum konum. Vitnið kveður, að Viktoría, systir Svövu, eiginkonu Ágústs, sem búsett er í Bandaríkjunum, hafi komið til landsins í byrjun ágúst 1986 og að venju ætlað að dvelja hjá Ágústi, en þá hafi hann verið fluttur í kjallarann að Dreka Voggi 18 og hún ekki talið pláss fyrir sig þar. Hafi Viktoría farið að kanna fjárreiður Ágústs og þá komið fram, að nær allar eigur hans höfðu gengið til ákærðu. Minnti vitnið, að Viktoría hefði farið af landi brott 17. ágúst sama ár, og nokkrum dögum seinna hefði Ágúst haft símasamband við vitnið og

sagst hafa gert mikla vitleysu, hann hefði ráðstafað eigum sínum til ákærðu, án þess að hann hefði vitað, hvað hann væri að gera. Jafnframt hefði hann beðið vitnið um að hafa samband við dóttur sína, Önnu Dóru, sem búsett væri í Keflavík, og biðja hana að hafa samband við sig. Vitnið kveður Ágúst hafa sagt sér oftast en einu sinni, að hann hefði skrifað undir pappíra án þess að lesa þá yfir, og hefði þessi eignaflutningur til ákærðu átt að vera leyndarmál.

Niðurstöður.

Samkvæmt álitum þeirra sérfræðinga, sem að framan getur, þykir vera sannað, að talsverðs ellihrumleika hafi verið farið að gæta hjá Ágústi Jónssyni á tímabilinu maí-júní 1986. Kemur og fram í málinu, að honum hafi farið að hnigna verulega strax upp frá andláti eiginkonu sinnar, Svövu Halldóru Sigurðardóttur, sem lést í apríl 1976. Virðist Ágúst upp frá því hafa aðallega reitt sig á Eirík, bróður sinn, sem lést hinn 4. maí 1986. Í vottorði heimilislæknis Ágúst greinir m.a. frá því, að borið hafi á kvíða og vanlíðan hjá Ágústi árið 1985.

Ágúst kvæntist móður ákærðu árið 1933, en þau skildu árið 1947. Hefur ákærða því dvalist hjá þeim í a.m.k. 14 ár. Eftir skilnaðinn rofnaði samband ákærðu við Ágúst í nær 40 ár. Ekki er alveg ljóst, hvenær kynni þeirra endurnýjast, en helst er að ætla, að það hafi verið um áramótin 1985-1986. Ákærða kveðst hafa haft töluverð samskipti við Ágúst upp frá því, að þau endurnýjuðu kynni sín. Með hliðsjón af þeim framburði hennar og álitum framangreindra sérfræðinga um andlegt ástand Ágúst er það mat dómsins, að henni hafi ekki átt að geta dulist, að Ágúst hafi verið haldinn elliðögum á þeim tíma, sem löggerningar þeir, sem mál þetta snýst um, voru gerðir.

Ljóst þykir af gögnum málsins, að ákærða hafi átt allt frumkvæði að gerð kaupsamninganna um fasteignina að Dreka Vogu 18, sem hún kveður Ágúst í raun hafa gefið sér. Ýmislegt í framburði ákærðu um tilurð samninganna er í ósamræmi við framburð vitnanna Sverris Sædals Kristjánssonar, Kristjáns Stefánssonar, Hafsteins Baldvinssonar og Ingibjargar Ingimarsdóttur. Eru samningar þessir mjög hroðvirknislega unnir og virðast hafa verið gerðir í miklum flýti. Ekkert endurgjald til Ágúst var innt af hendi af hálfu ákærðu og Ingibjargar Ingimarsdóttur.

Millifærslur af sparisjóðsbókum Ágúst og mágkonu hans yfir til ákærðu, samtals 920.795,93 krónur, fara fram á fimm dögum. Samkvæmt úttektarseðlum hefur Ágúst ekki fyllt þá sjálfur út, enda fráleitt verið fær um það samkvæmt gögnum málsins. Ekkert það er fram komið í málinu, sem réttlætt þykir geta slíkt örlæti af hálfu Ágúst í garð ákærðu. Eins og andlegum högum Ágúst var komið og ákærðu hlutu að vera ljósir, þykir ákærða hafa þegið fé þetta gegn betri vitund.

Í erfðaskrá þeirri, sem ákært er út af, er ákærða sögð vera fösturdóttir Ágústs. Þrátt fyrir það að samband þeirra í millum hafi ekki verið í nærfelt 40 ár, þykir þetta orðalag ekki lýsa réttarsambandi Ágústs og ákærðu í raun. Af gögnum málsins verður að álíta, að Ágúst hafi alls ekki verið fær um að gera erfðaskrá án utanaðkomandi aðstoðar.

Ekki þykir nægjanlega sannað gegn neitun ákærðu, að hún hafi með háttsemi sinni framið fjársvik og gerst brotleg gegn 248. gr. almennra hegningarlaga. Ber því að sýkna hana af ákæru fyrir brot gegn þeirri lagagrein.

Þegar á hinn bóginn er virt, að Ágúst Jónsson verður nánast eignalaus á 10 dögum skömmu eftir lát Eiríks, bróður síns, sem hann virðist hafa treyst mjög á, litið er til efnislega samhljóða framburðar sérfræðinga þeirra, sem borið hafa um andlegt atgervi Ágústs á þessum tíma, og höfð er hliðsjón af öðrum gögnum málsins, þykir vera sannað, að ákærða hafi notað sér ellisljóleika, einmanaleika og ósjálfstæði Ágústs til að afla aðallega sjálfri sér svo og dótturdóttur sinni, Ingibjörgu Ingimarsdóttur, að því er varðar íbúðarhæðina og bílskúrinn að Dreka­vogi 18 hér í borg, hagsmuna þeirra, sem mál þetta snýst um, þannig að varði við 253. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Sakaferill.

Ákærða er sakhæf og hefur samkvæmt sakavottorði sínu eigi sætt refsingu, svo að vitað sé.

Refsing.

Ákærða hefur unnið sér til refsingar samkvæmt 253. gr. almennra hegningarlaga. Þykir refsing hennar hæfilega ákveðin fangelsi 5 mánuði, en með hliðsjón af hreinu sakavottorði hennar þykir mega ákveða, að fullnustu refsingarinnar skuli fresta og hún niður falla að liðnum 3 árum frá uppkvaðningu dóms þessa, haldi ákærða almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Sakarkostnaður.

Dæma ber ákærðu til greiðslu alls sakarkostnaðar samkvæmt 1. mgr. 141. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærðu, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, sem þykja hæfilega ákveðin 80.000 krónur.

D ó m s o r ð:

Ákærða, Ingibjörg Magnúsdóttir, sæti fangelsi 5 mánuði. Fresta skal fullnustu refsingarinnar og hún niður falla að liðnum 3 árum frá

uppkvaðningu dóms þessa, haldi ákærða almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákærða greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, 80.000 krónur.
